

1. Akureyri — Ólafsfjörður — Akureyri.
2. Ólafsfjörður — Reykjavík — Ólafsfjörður.
3. Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri.

Samkvæmt sömu heimild hefur ráðuneytið í dag einnig veitt Flugfélaginu Ernir hf. Ísafirði, samskonar leyfi, sama tímabil, á eftirtöldum flugleiðum:

1. Ísafjörður — Reykjanes — Arngerðareyri — Melgraseyri — Bæir — Ísafjörður.
2. Ísafjörður — Reykjanes — Reykhólar — Ísafjörður.
3. Ísafjörður — Þingeyri — Ísafjörður.

Samgönguráðuneytið, 20. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 598.

13. september 1980.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Ísafirði.

Einstefnuakstur er á Sólgötu til suðurs og stöðvunarskylda er á þeirri götu við Hafnarstræti.

Einstefnuakstur er á Hrannargötu til norðurs og stöðvunarskylda er á þeirri götu við Fjarðarstræti.

Biðskylda er af Djúpvegi, akrein austur Hafnarstræti.

Stöðvunarskylda er af Djúpvegi, akstursleiðir yfir Hafnarstræti norður Hrannargötu svo og af Djúpvegi vestur Hafnarstræti.

Á Djúpvegi, frá Hafrafellshálsi að Menntaskóla, er hámarkshraði heimilaður 60 km, en þaðan 45 km að Hafnarstræti.

Tangagata er einstefnuakstursgata til suðurs frá Austurvegi og að Skipagötu. Bilastöður beggja vegna Tangagötu frá Austurvegi til Fjarðastrætis eru bannaðar.

Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum við Aðalstræti svo sem hér segir: Að austanverðu við götuna frá og með húsi nr. 8 til og með húsi nr. 20, nema við bensínafgreiðslu. Að vestanverðu við götuna frá og með húsi nr. 11, til og með húsi nr. 15.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 13. september 1980.

Þorvarður K. Þorsteinsson.